

Greinargerð um gróðurfar á vegstæði austan Jökulsár á Breiðamerkursandi

Guðrún Á. Jónsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími: 477-1774 Fax: 477-1923 Netfang: na@na.is
Sími: 471-2813 Fax: Netfang na@na.is

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð úttekt á gróðurfari á fyrirhuguðu vegstæði austan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Markmið þessarar greinargerðar er að lýsa gróðri á svæðinu sem til skoðunar var, gera grein fyrir fjölbreytni gróðurlenda og tegunda og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra vegaf framkvæmda á gróður.

Aðferðir

Fyrirhugað vegstæði var gengið 15. júlí 2002 og skráð hvaða gróðurlendi og tegundir var þar að finna ásamt öðrum einkennum svæðisins. Einnig var lagt mat á það á vettvangi hvort líklegt væri að rask á gróðurþekju ylli rofi eða hefði aðrar neikvæðar afleiðingar. Til grundvallar við vettvangsathugun voru lagðar upplýsingar frá Vegagerðinni (2002), bréf og loftmyndakort, þar sem lega fyrirhugaðs vegar er skýrð.

Gróðurlýsing

Á öllu svæðinu virðist jökulaur vera undirlag gróðurþekju og jarðvegur lítill sem enginn. Allt vegstæðið er þurrlegt og þakið mosagróðri og er mosinn alls staðar ríkjandi en þekja mismikil og einnig er nokkur breytileiki í hvort aðrar tegundir en mosi eru áberandi. Þekja háplantna er þó yfirleitt lítil á öllu svæðinu.

Við bakkann við stöð 4000 (Mynd 1) er mosapemba með gisnu grasi og blómplöntum. Algengar tegundir auk mosa eru: blávingull, hundasúra, lógresi og hvítmaðra. Þekja gróðurs við bakkann er nokkuð mismikil en gróflega áætluð að meðaltali 30 – 50 %. Þegar kemur upp á bakkann við stöð 4000 heldur mosagróður áfram til austurs. Gróðurþekja er áfram svipuð milli stöðva 4000 og 3500 en þó flekkótt og skiptast á blettir með nær samfelldri gróðurþekju og aðrir þar sem gróðurþekja er lítil. Gróðurþekja á svæðinu frá stöð 3500 til 2500 er meiri eða gróflega áætluð um 70 % að meðaltali en allt að 100 % austan við stöð 2500.

Landið á vegstæðinu er allt svipað, flatt en þó víðast dálítið gárótt. Dældir eru grunnar, breiðar og flatar en á milli eru smá gáruhryggir. Mosi er ríkjandi á öllu svæðinu. Talsvert er um fléttugróður og má sjá breyskjutegundir (*Stereocaulon spp.*) víða, einkum á gáruhryggjum vestan til. Talsvert var einnig um fjallagrös (*Cetraria islandica*), krókattegundir (*Cladonia spp.*) og ormagrös (*Thamnolia vermicularis*) hér og þar á svæðinu. Hér og þar eru einnig blettir þar sem gras er áberandi og er blávingull þar yfirleitt aðaltegund.

Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996) á eða við vegstæðið. Tegundafjölbreytni háplanta reyndist ekki mikil enda er svæðið lítið og gróðurlendi einsleitt (Tegundalisti í Viðauka).

Umræða og ályktanir

Við fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir eyðileggst óhjákvæmilega sá gróður sem er á því svæði sem á að raska. Ekki er líklegt að rask leiði til rofs þar sem jarðvegur er lítill og undirlagið er þurr jökulaur sem er of grófur til að fjúka. Hins vegar geta sár í mosagróðurþekju verið ljót, nokkuð áberandi og sjást oftast all lengi þar sem mosi vex hægt. Rétt er að geta þess að gömul slóð eða slóðir eru á eða nálægt hluta fyrirhugaðs vegstæðis og því ekki um algerlega óraskað gróðurlendi að ræða.

Ef halda á í upprunalegt svipmót gróðurfars við veginn að vegagerð lokinni ætti að fara varlega í að sá í vegkanta eða a.m.k. að nota áburð sparlega. Mikil áburðargjöf gæti leitt til þess að graslendi þéttist í vegköntum og stingi í stúf við mosagróðurinn í kring.

Heimildir

Vegagerðin 2002. Bréf og loftmynd dags. 18. júní 2002. Óbirt.

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II.

Örn og Örlygur, Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík

Tegundalisti. Listi yfir algengustu háplöntutegundir á og við fyrirhugað vegstæði austan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Nafngiftir skv. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar (1986).

Íslenskt nafn	Latnenskt nafn
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Skarififill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>
Skriðuhnoðri	<i>Sedum annuum</i>
Títulíngresi	<i>Agrostis vernalis</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>